

# SKIPULAGSSKRÁ

## Menningarsjóðs Svarfdæla.

Í tilefni aldarafmælis Sparisjóðs Svarfdæla, 1. maí 1984 er stofnaður sjóður til styrktar menningarmálum í byggðarlaginu.

Um sjóðinn og starfsemi hans gildir eftirfarandi skipulagsskrá:

### 1. gr.

Nafn sjóðsins er Menningarsjóður Svarfdæla. Heimili hans og varnarþing er á Dalvík.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til hverskonar menningarmála í byggðum Svarfdæla.

### 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Einn kosinn af aðalfundi Sparisjóðs Svarfdæla og er hann jafnan formaður stjórnar. Annar kosinn af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar og hinn þriðji kosinn af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps. Kjörtími skal vera fjögur ár og fylgja kjörtímabili sveitarstjórna.

Stjórnin ákveður styrkveitingar úr sjóðnum að jafnaði einu sinni á ári fyrir aðalfund Sparisjóðsins. Hún heldur gerðabók og semur árlega reikninga sjóðsins, sem skulu endurskoðaðir af kjörnum endurskoðendum Sparisjóðsins og lagðir, ásamt skýrslu um úthlutun styrkja, fyrir aðalfund hans.

### 4. gr.

Stofnfé Menningarsjóðs Svarfdæla er kr. 500 000,00, ákveðið af ábyrgðarmannafundi Sparisjóðs Svarfdæla á aldarafmælinu, 1. maí 1984.

Árlegar tekjur sjóðsins eru auk vaxta, framlög sem aðalfundur Sparisjóðsins kann að ákveða honum, eða aðrir þeir aðilar, sem hafa áhuga á að efla getu sjóðsins til styrkveitinga, sbr. 2. grein.

### 5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Svarfdæla. Við styrkveitingar skal þess gætt, að höfuðstóll sjóðsins fari jafnaðarlega ekki niður fyrir upphæð stofnframlagsins að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Að öðru leyti hefur sjóðsstjórnin óbundnar hendur með árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins samkvæmt markmiði í 2. grein.

### 6. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa að fenginni staðfestingu þessarar skipulagsskrár.

Þannig samþykkt á aðalfundi Sparisjóðs Svarfdæla árið 1986.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. júní 1991.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*